

Vitundarvika um notkun sýklalyfja 2019

Það er engum vafa undirorpið að með tilkomu sýklalyfja á öndverðri tuttugustu öld umbreyttist líf fólks. Sýkingar sem áður ollu ótímabærum dauða eða örkuðum var hægt að lækna með sýklalyfjum. Vísindamönnum var þó strax ljóst að sýklar voru þeim eiginleikum gæddir að mynda þol eða ónæmi gegn sýklalyfjum. Penicillin sem er eitt fyrsta sýklalyf sem komst í almenna notkun árið 1946 var orðið lítt nothæft gegn *Staphylococcus aureus* nokkrum árum seinna. Í dag eru fáir stofnar af þessari skæðu bakteríu næmir fyrir penicillini. Þrátt fyrir að ónæmi myndist hjá sýklum gegn sýklalyfjum er ljóst að sýklalyf eru gríðarlega mikilvæg í glímunni við sýkingar.

Mikil og óheft notkun sýklalyfja í matvælaíðnaði (búfjárrækt hverskyns og fiskrækt) hefur leitt til þess að mjög mikið af sýklalyfjum hefur sloppið út í umhverfi okkar. Sýklar sem hafa þróast í umhverfi með sýklalyfjum berast í menn og verða stundum hluti af bakteríuflóru þeirra. Þeir einstaklingar sem hafa þannig sýkla í eigin flóru eru í áhættu að fá sýkingar af völdum ónæmra sýkla. Þetta á ekki hvað síst við um einstaklinga sem fá breiðvirk sýklalyf að óþörfu. Óþörf notkun of breiðvirkra sýklalyfja í mönnum greiðir götu ónæmra sýkla í samfélaginu bæði innan og utan sjúkrahúsanna. Á Landspítala og í íslensku samfélagi hefur orðið aukning á greiningu ónæmra sýkla rétt eins og erlendis.

Til þess að glíma við þessa þróun hefur verið gripið til þess ráðs í heilsugæslunni að gefa út leiðbeiningar um meðferð algengra sýkinga utan spítala. Á Landspítala hefur verið stofnað til sýklalyfjagæslu (e. *antibiotic stewardship*) á Barnaspítala Hringins og sýklalyfjagæsla hefur verið útfærð á nokkrar fullorðinsdeildir spítalans. Búið er að birta ráðleggingar við algengum sýkingum á vefnum www.microguide.eu sem er aðgengilegur öllum en að auki er unnt að hlaða leiðbeiningum í snjallsíma. Mikilvægt er að allir sem ávísar sýklalyfi á Landspítala geri sér grein fyrir hvers vegna verið er að ávísar sýklalyfi, þeir nýti sér leiðbeiningar um val sýklalyfja og ákvarði meðferðarlengd. Stefnir er að því að á næsta ári nái sýklalyfjagæsla til allra deilda spítalans. Til að meta árangur af sýklalyfjagæslu á Landspítala verður fylgst með frekari útbreiðslu sýklalyfjaónæmis, heildarnotkun sýklalyfja og réttri notkun sýklalyfja við algengum sýkingum á spítalanum.

Að framangreindu verkefni til viðbótar vinna smitsjúkdómalæknar og sýklafræðingar áfram að uppfærðum leiðbeiningum um rétta notkun sýklalyfja í öllum helstu tegundum sýkinga á Landspítala. Sjúklingar með sýkingar sem að krefjast langrar sýklalyfjameðferðar í æð geta nú lokið meðferð í heimahúsi undir nánu eftirliti starfsmanna göngudeildar smitsjúkdómalækninga.

Framangreind verkefni sem lúta að notkun sýklalyfja á Landspítala hafa að markmiði að stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja og að draga úr áhættu á myndun og dreifingu ónæmra sýkla.

Már Kristjánsson
yfirlæknir smitsjúkdómalækninga á Landspítala